

**Nd.** **221. Frumvarp til laga** [174. mál]  
um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr.  
lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa skulu bundin við veiðar á skarkola. Skal Hafrannsóknastofnunin gera tillögu til ráðherra um skipulag þeirra veiða m. a. um aflamagn, veiðitíma, veiðisvæði og fjölda veittra leyfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með lögum nr. 50 16. apríl 1971, um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, voru dragnótaveiðar bannaðar í Faxaflóa. Bann er síðan ítrekað í lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og hafa því dragnótaveiðar ekki verið stundaðar í Faxaflóa nema í tilraunaskyni síðan sumarið 1970.

Síðan Faxaflóanum var lokað fyrir dragnót 1971, hefur Hafrannsóknastofnunin gert tilraunir með kolaveiðar í dragnót þar á hverju sumri og hausti síðan 1976. Hefur stofnunin ítrekað í bréfum til ráðuneytisins lagt til, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar í Faxaflóa með sömu skilyrðum og annars staðar við landið en stofnunin telur að veiða megi í dragnót a. m. k. 1500 lestir af kola í Faxaflóa, án þess að skaða kolastofninn eða aðrar fisktegundir.

Á Alþingi 1978—1979 var lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og gerði það ráð fyrir því, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar í tilraunaskyni í Faxaflóa 1979—1980. Flutningsmenn voru Ólafur Björnsson og Guðmundur Karlsson. Máli þessu var vísað til ríkisstjórnarinnar með ákveðinni ósk um, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að Hafrannsóknastofnunin heldi áfram tilraunaveiðum í Faxaflóa, svo úr því yrði skorið, hvort nýta mætti þennan fiskstofn á skynsamlegan hátt, þannig að ekki skaðaði fiskislóð á þessu þýðingarmikla svæði.

Haustið 1979 veitti svo sjávarútvegsráðuneytið tveimur bátum heimild til tilraunaveiða á kola í dragnót í Faxaflóa undir stjórn og eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar og stóðu tilraunirnar yfir ágúst—september. Skilaði Hafrannsóknastofnunin itarlegri skýrslu um árangur þeirrar tilraunar.

Í umræðum, sem urðu á Alþingi 22. maí 1980 vegna fyrirspurnar Péturs Sigurðssonar, alþingismanns, um þessar tilraunaveiðar, upplýsti Steingrímur Hermannsson, sjávarútvegsráðherra, að hann hefði í huga, að þessum tilraunum yrði haldið áfram í sumar og yrði bátum fjölgað, jafnframt lýsti hann yfir, að hann myndi leggja fram frumvarp um opnun fyrir dragnót í Faxaflóa, yrðu niðurstöður tilraunanna hinar sömu og fengist hefðu til þessa.

Síðasta sumar voru síðan gerðar enn itarlegri tilraunir með dragnót í Faxaflóa og tóku fimm bátar þátt í þeim. Stóðu veiðitilraunir þessar frá 1. júlí til 15. nóvember. Skýrslur um veiðitilraunir þessar eru nú í prentun og verður þeim dreift meðal þingmanna, er þær verða tilbúnar. Ekki þótti ástæða til þess að tefja framlagningu frumvarpsins. Sjávarútvegsnefndir hefðu þá rýmri tíma til þess að fjalla um málið.

Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengist hefur af þessum tilraunum, er hér lagt til, að banninu við dragnótaveiðum í Faxaflóa verði aflétt þó þannig, að aðeins veiðar á skarkola verði leyfðar. Er hér gert ráð fyrir, að Hafrannsóknastofnun geri tillögu um skipulag þessarar veiðar þar á meðal um aflagámark þess skarkola, sem veiða má árlega, veiðisvæði, veiðitíma og fjölda báta.

Ráðuneytið getur síðan bundið úthlutun leyfa þeim skilyrðum, sem þurfa þykir t. d. um leyfilegt hámark annars aflagámarks en skarkola. Veiðarnar yrðu undir ströngu eftirliti og gæti ráðuneytið fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfum brjótí þeir gegn ákvæðum leyfisbréfa, ennfremur stöðvað veiðar á ákveðnum svæðum eða allar veiðar, ef ástæða þætti til.

Frumvarp þetta er flutt að höfðu samráði við ríkisstjórnina, ekki sem stjórnarfrumvarp heldur af sjávarútvegsráðherra, þar sem einstakir ráðherrar hafa fyrirvara um stuðning við málið. Af sömu ástæðu er ekki um að ræða fyrirfram ákveðinn stuðning þingflokka. Opnun Faxaflóa hefur lengi verið deilumál á þingi, án tillits til

þingflokka. Því taldi sjávarútvegsráðherra jafnframt rétt að leggja málið fyrir Alþingi til meðferðar og ákvörðunar án þess að leggja áherslu á að tryggja áður stuðning einstakra þingmanna eða þingflokka við málið. Er með því farið fram á, að Alþingi meti sjálfst niðurstöður þeirra tilrauna, sem sjávarútvegsnefnd þingsins óskaði að gerðar yrðu.